

LISTIR

Horfnir svipir

MYNDLIST

Gallerí Sævars
Karls

LEIR OG GIFS

Dórey Magnúsdóttir
Til 20. maí - Aðgangur ókeypis

MAÐURINN sjálfur í óendanlegum fjölbreytileik sínum hefur frá fyrstu tíð verið myndlistarmönnum drjúgt viðfangsefni. Sjaldnast er það yfirborðið eins og það birtist í andlitsfalli manna, sem heillar eitt og sér; fremur leita listamenn eftir því sem býr að baki, þeirri hugsun, harmi og gleði, sem skapar þann persónuleika og sál sem geislar af einstaklingnum.

Orðstír ýmissa listamanna byggist öðru fremur á hæfileikum þeirra til að nema það sem ekki sést berum augum utan á fólki, og koma því á framfæri í gegnum listmiðlín; er þar skemmt að minnst jafn ólíkra verka sem sjálfmynda manna eins og Rembrandts og van Goghs, og höggmynda Sigurjóns Ólafssonar. Allir þessir listamenn höfðu til að bera einstaka hæfileika á þessu sviði.

Þetta viðfangsefni er alls ekki horfið af vettvangi samtímalistar, og enn er ungt fólk að leita leiða til að takast á við það í samhengi nýrra tíma. Í Gallerí Sævars Karls stendur nú yfir fyrsta einkasýning Dóreyjar Magnúsdóttur, en hún sýnir hér verk unnin í leir og gifs, sem öll (með einni mikilvægri undantekningu) eiga það sameiginlegt að bera með sér andlitsvipi, sem listakonan hefur gripði á lofti, og formað með fornlegum hætti,

þannig að minnir mest á dularfullar grímur.

Sýningu sína kallar Dórey „Hrif“, og í lítilli sýningarskrá segir hún m.a.: „Andlit streyma fram hjá þér, í kringum þig, gegnum þig í óendanlegu mannhafinu. ... Eitt lítið andartak, svipur eða svipbrigði geymast í leirnum.“ Út frá þessum grunni hefur hún unnið þau andlit, sem mynda hring í sýningarrýminu; þar ganga fram bergrisar, prestar, maddömur og bændur, sem hver um sig ber persónulegan svip og merki þess lífs, sem hrærist að baki.

Verkin eru ýmist unnin með grófu móti í leir eða gifs, flött út eins og skildir eða líkjast dauðagrímum; ofan í þau eru bornir jarðlitir, brúnir og grænir, sem gefa myndunum enn fornenskulegri blæ en ella. Þessar myndir eru síðan festar með járnteinum í steinblakkir eða rekaviðardrumba, þannig að formfestan verður mikilvægur þáttur sýningarinnar; loks kallast sambærileg verk á og mynda fjölbreytt jafnvægi yfir gólfid.

Þar er síðan staðsett eina verkid sem er annars eðlis — og er um leið kunnugtá tákni, eða eins og listakonan segir í skránni: „Hringurinn lokast. Dýrið bitur í sjálf sig, eins og lífið. Ekkert upphaf — enginn endir.“

Dóreyju tekst vel upp með þessari fyrstu einkasýningu sinni, og kemur ágætlega til skila þeim mismunandi manngerðum, sem hún stefnir að. Yfirskrift sýningarinnar á einnig vel við, enda verður kynning okkar af einstaklingum í mannhafinu sjaldnast meira en andartakshrif, sem birtast — og hverfa aftur á næsta augnabliki.



Dórey Magnúsdóttir



SÝNINGAROPNUN er gleðistund.

Sköpun listaverks

MYNDLIST

Kjarvalsstaðir

HÖGGMYNDIR

Ólafur Sveinn Gíslason
Til 8. maí - 300 kr.
Sýningarskrá 900 kr.

AF ALKUNNU hæglaeti sínu má segja að Marcel Duchamp hafi varpað einni skemmtilegustu sprengru aldarinnar inn á listasviðið árið 1917, þegar hann sendi pissuskál sem framlag sitt (undir dulnefni) á samsýningu, þar sem sýningarnefnd hafði ákveðið að allir skyldu fá að sýna það sem þeir vildu. Skálinni var hafnað þrátt fyrir áður auglýst frelsi listamanna, en spurningin lifir síðan: Af hverju markast listaverk?

Hið hefðbundna svar hefur lengst af verið að listaverk sé það sem listamaður skapar með eigin hendi, helst af nokkurri tæknilegri getu; Duchamp hélt því fram að með því að einu að velja væri listamaður að skapa listaverk. Enn rót-tækari kenning frá þessari öld er sú að hugmyndin sé það sem markar listaverkið; útfærsla hennar geti þess vegna verið í höndum annarra.

Loks má nefna þá listmenn, sem

varla skilja eftir sig nein listaverk, eins og t.d. Christo, sem þrátt fyrir það hefur unnið mörg eftirminnilegustu verk aldarinnar í myndlistinni með því að tjalda fyrir dali, pakka inn strandlengjum og stórhýsum (næsta verkefni: Þinghúsið í Berlín) og umgírða eyjar; hvert tilvik fyrir sig hefur verið þaulskipulagt ferli frá upphafi til enda, allt frá mælingum, aðdrætti efna, uppsetningu, niðurrifi, frágangi og hreinsun. Hið eina sem til er um þau verkefni sem eru að baki eru heimildir í formi uppdráttar, teikninga, ljósmynda — engin listaverk í hefðbundnum skilningi þess orðs.

Þessi vandkvæði með skilgreiningu listaverks koma strax upp í hugann þegar titið er til sýningar Ólafs Sveins Gíslasonar í miðrymi Kjarvalsstaða. Sýningin er síðasti þáttur af þremur í samvirku ferli, sem hófst með sýningu í Norrænu listamiðstöðinni í Sveaborg við Helsinki á síðasta ári og var fram haldið í Kaupmannahöfn, en lýkur hér. Þessi samvirki kemur best í ljós með sýningarskrá, sem nýlega er komin út, og hefur að geyma myndir frá opnun sýningarinnar á Kjarvalsstöðum jafnt sem hinum stöðunum, og er þannig endanleg heimild um alla þætti sýningarinnar.

Sýningin ber yfirskrifina „Vern-

issage“ sem er nafnorð úr frönsku og er haft um eins konar forsýningu, þar sem vinir og útvaldir félagar listamannsins fá að skoða verkin áður en endanlega er gengið frá þeim; þá gefst síðasta tækifæri til viðbóta og breytinga áður en lakkað („ferniserað“) er yfir, og listaverkin verða lokað og endanleg.

Eins og flestir þekkja eru opnanir sýninga fyrst og fremst félagslegar samkomur, þar sem listin er í aukahlutverki, en listafólk og gestir í aðalhlutverki. Ólafur hefur nýtt sér þetta félagslega gildi og sett hina þrjá aðskildu þætti í markvisst samhengi, að hluta til með því að virkja gestina við opnun sýninganna. Í Sveaborg voru aðeins stallarnir frá hans hendi, en gestirnir breyttu heildarmyndinni (töku vitandi eða óafvitandi þátt í sköpuninni) með því að leggja vinklós og rusl frá sér á stallana. Í Kaupmannahöfn voru allar sýndir með glösum frá Sveaborg í þeirri upp-röðun, sem varð til þar; gestirnir í Kaupmannahöfn gátu bætt við og breytt því sem listamaðurinn setti fyrir þá, í anda yfirskriftar sýningarinnar. Á Kjarvalsstöðum standa gestir loks frammi fyrir orðnum hlut, „fait accompli“; stallarnir með vinklósunum standa undir háum hlífum úr plexigleri, og engu verður breytt. Það er búið að lakka yfir, verkin eru lokað og endanleg.

Þannig verður að skoða þessar þrjár sýningar (þessa þrjá þætti) í rökrétu samhengi við yfirskriftina. Enn situr þó eftir spurningin: Hefur/hafa listaverk orðið til, og ef svo er, hvenær gerðist það á þessu ferli? Því verður hver að svara fyrir sig, en Ólafur hefur með höndun sinni á þessu viðfangsefni sýnt enn á ný að hann hefur gott auga fyrir því á hvern hátt má gera hið einfalda flókið, en um leið áhugavert og vel til þess fallið að vekja nokkra um-ræðu um skilgreiningar, sem listin verður sífellt að vefengja.

Í heild sinni lýkur þessu rannsóknarverkefni Ólafs raunar ekki fyrr en eftir lokun sýningarinnar á Kjarvalsstöðum. Þá fyrst kemur fram svar við spurningunni um hvort listaverk hafi orðið til eður ei; ef reynt verður að varðveita í núverandi formi einhverja þá uppsetningu, sem getur að líta í miðrymi Kjarvalsstaða, hafa þeir sem það gera helgað þann stall sem listaverk; verði hins vegar allt tekið niður — stallarnir settir í geymslu, glösin þrífir og sett upp í skáp — er ferlinu þar með endanlega lokið, líkt og hinum fjölbreyttu verkefnum Christo í gegnum tíðina.

Eiríkur Þorláksson

SYSTEM STANDEX

Álínningur



Hönnun og smíðum eftir þínum hugmyndum t.d. skápa, afgreiðsluborð, skilti, auglýsingastanda, sýningarklefa o.mfl.

orka

Faxafeni 12. Sími 38 000



Morgunblaðið/Diðrik Jóhannsson

Minningartónleikar í Borgarneskirkju

Á TÓNLEIKUM í Borgarneskirkju fyrsta sumardag, sem tileinkaðir voru minningu Björns Jakobssonar frá Varmalæk, söng m.a. um 80 manna blandaður kór úr Freyjukórnum, kirkjukórnum Hvanneyrar- og Stafholtssókna, Kveldúlfskórnum og Karlakórnum Söngbræðrum. Stjórnandi var Hannes Baldursson. Á milli atriða las Jón Þórisson minningar sínar um Björn, Pétur Jónsson lék á orgel og Ingibjörg á píanó eftir Björn. Dagný Sigurðardóttir og Gunnar Örn Guðmundsson sungu einsöng. Karlakórinn Söngbræður og Freyjukórinn sungu lög eftir Björn. Hann hefði orðið 100 ára 5. júní næstkomandi.

Þrjú hefti eftir verlaunahöfunda

Sögur handa unglíngum

ÁRIÐ 1992 efndi Námsgagnastofnun í samvinnu við Samtök móðurmálskennara til samkeppni um stuttar sögur handa unglíngum. Þrjár sögur voru verlaunaðar en mælt var með nokkrum sögum til viðbótar til útgáfu. Verlaunahöfundar voru þau Guðrún Kristín Magnúsdóttir og Þórður Helgason.

Nú eru komin út þrjú hefti með sögum úr samkeppninni eftir verlaunahöfundana og tvo að auki, þau Andrés Indriðason og Herdís Hübner. Heftin sem fylgja hér með eru; Sál bróðurins fjórar smásögur eftir Guðrúnu Kristínu Magnúsdóttur. Myndskreytingar önnuðust Guðrún Kristín Magnúsdóttir, Halldór Baldursson og Jakob Jóhannsson. Og enginn sagði neitt, tvær smásögur eftir Þórði Helgason og ein eftir Herdís Hübner. Teikningar eru eftir Halldór Baldursson. Bara okkar á milli, saga eftir Andrés Indriðason. Teikningar eru eftir Jakob Jóhannsson.

Allar fjalla sögurnar um efni sem höfðar til unglíngja á aldrinum tólv til fimmtán ára. Sögnum fylgja skýringar og ábendingar um umhugsunar-, umræðu- og ritgerðarefni.



Guðrún Kristín Magnúsdóttir



Þórður Helgason



Andrés Indriðason